

Innkaupastefna Húnaþings vestra

Það er stefna Húnaþings vestra að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Húnaþing vestra vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Að við innkaup sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.
- Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við sveitarfélagið.
- Að meta heildarhagsmuni Húnaþings vestra við ákvarðanir um aðferðir við innkaup og að hagsmunum íbúa Húnaþings vestra sem heildar sé gætt.
- Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
- Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins.
- Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða-, umhverfis- líftíma mannréttindasjónarmiða og áhersla lögð á kaup vöru – og þjónustu úr nærumhverfi.
- Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til sveitarfélagsins.
- Að gæta þess að við innkaup verði tryggt að allir starfsmenn verktaka fái laun og önnur starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.
- Að samræma innkaup fyrir einstaka stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.

Samþykkt á fundi byggðarráðs 11.11.2019

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 14.11.2019

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
sveitarstjóri